



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

4. bekkur

Umsjónarkennarar: Lovísa Sveinsdóttir og Katrín M Þorbjörnsdóttir

Sérkennari: Lára Halldóra Eiríksdóttir

Stuðningsfulltrúi: Íris Tryggvadóttir

Íþróttir og sund: Matthea Sigurðardóttir, Þuríður Helga Þorsteinsdóttir og Jóhannesson

Handmennt: Bergdís Kristmundsdóttir

Hönnun og smíðar: Ingvar Engilbertsson

Myndmennt: Bryndís Kondrup

Heimilisfræði: Alda Björk Sigurðardóttir

Tölvufræði: Katrín M. Þorbjörnsdóttir og Lovísa Sveinsdóttir

Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Íslenska	2
Lestur	2
Talað mál og framsögn	2
Hlustun og áhorf	3
Ritun og skrift	3
Bókmenntir	4
Málfræði	5
Stærðfræði	5
Samfélagsfræði	7
Saga	7
Landafræði	8
Náttúrufræði	9
Kristinfræði	10
Lífsleikni	11
Tölvukennsla	12
Enska	12
Upplýsingamennt	13
Hönnun og smíði	14
Heimilisfræði	14
Tónmennt	15
Handmennt	15
Myndmennt	16
Íþróttir	17
Sund	18



Íslenska

Lestur

Markmið

Að nemandi

- auki orðaforða sinn, málskilning og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- hafi greiðan aðgang að fræðibókum og handbókum, bæði í kennslustofu og á skólasafni og noti þær til upplýsingaöflunar
- þjálfist í lestri á skólasafni
- hafi aðgang að margvíslegu fræðsluefni á tölvutæku formi og á Netinu
- þjálfist í nákvæmnislestri
- geti gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið
- nái tókum á því að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti nýtt sér helstu lestrarmerki
- geti lesið upphátt, á viðunandi hraða, skýrt og áheyrilega
- velji sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju.

Námsgögn og leiðir

Heimalestrarbækur af bókasafni eftir áhuga og getu nemenda. Nemendur vinna af og til bókakynningu sem þeir lesa í skólanum fyrir aðra nemendur bekkjarins. Frjálslestrarbækur að eigin vali. Lestarpjálfun, ýmist í hljóði eða upphátt fyrir kennara og/eða foreldra. Nemendur eru hvattir til að lesa eigin bækur heima sem aukalestur. Byrjað að kenna orð af orði sem lestrarpjálfun.

Námsmat

Símat. Framfarir metnar með ýmsum matsprófum í lestri.

Talað mál og framsögn

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- vinni verkefni sem gera kröfur um að hann tjái sig munnlega
- geti greint munnlega frá eigin reynslu, t.d. eftirminnilegum atburðum
- geti endursagt sögur, frásagnir, ævintýri, skopsögur og kvikmyndir
- ræði við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og jafnvel stærri hópi, t.d. foreldrum og öðrum skólafélögum, og geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi
- þjálfist í að flytja stuttar undirbúnar frásagnir
- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikspuna
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og fari eftir þeim
- geti talað skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri



- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng.

Námsgögn og leiðir

Upplstur úr bókum í tímum, valið efni sem við á hverju sinni. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig og koma fram. Lesin ýmis verkefni sem nemendur vinna svo sem úr sögubókum og kynning á öðrum verkefnum. Auk þess verða nemendur hvattir til tjáningar fyrir framan bekkinn um valin efni hverju sinni.

Námsmat

Ekki formlegt námsmat þar sem þessi þáttur tengist inn í allar aðrar námsgreinar og verður metinn sem hluti af þeim.

Hlustun og áhorf

Markmið

Að nemandi

- hlusti á upplstur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- geti fylgst með flutningi á leikriti
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- fylgist með umræðum, taki þátt í þeim og nái að einbeita sér í töluverðan tíma
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á munnleg fyrirmæli með athygli
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- horfi á fræðslu- og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram.

Námsgögn og leiðir

Efni valið af kennara eftir því sem við á. Notast verður við myndbönd, hlustunarefni, upplstur og umræður, m.a. lesin framhaldssaga í nestistímum. Nemendum bent á að hlusta og sýna tillitssemi.

Námsmat

Ekki formlegt námsmat þar sem hlustun og áhorf tengist öðrum greinum og verður metið sem hluti af þeim.

Ritun og skrift

Markmið

Að nemandi

- hafi náð góðum skriftarhraða
- geti skrifað tengda skrift eftir forskrift
- þjálfist í að stafsetja rétt með fjölbreyttum verkefnum með áherslu á samfelld mál
- semji sögur með atburðarás og yrki ljóð og skrifi sjálfur
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og upphaf, miðja og endir í frásögnum
- geti lýst hlutum og athöfnum í rituðu máli
- geti skráð lengri frásagnir um atburði úr eigin lífi
- þjálfist í að skrifa póstkort og sendibréf
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann hefur unnið, t.d. í samfélagsgreinum og náttúrufræði



- þjálfist í að gera útdrætti og skrá efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- læri að greina aðalatriði í texta
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun
- kynnist ritvinnslu sem hjálpartæki við ritun og átti sig á íslenska stafrófinu á lyklaborði
- kynnist tölvusamskiptum
- læri að fara eftir stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni og reglum um stóran og lítinn staf í sérnöfnum og samnöfnum
- geti notað skriftargerðina sem honum hefur verið kennd í frjálstri ritun
- leggi sig fram um að skrifa skýrt og greinilega og vandi allan frágang.

Námsgögn og leiðir

Lögð verður sérstök áhersla á að nemendur læri að tjá sig skriflega í ljóða- og/eða söguformi. Nemendur koma til með að skrifa upp texta eftir upplestri, rituðum texta og forskrift. Námsefnið sem notað verður til að ná fram settum markmiðum verður *Skinna, Málrækt 1*, forskriftarbækur, verkefni við *Réttitunarorðabók*, *Lestur og stafsetning 1 og 2*, orðabækur og ýmis fjölrítuð verkefni. Ritunarverkefni unnin heima og í skóla. Ýmsar æfingar tengdar orð af orði verða notaðar. Við öll verkefni verða nemendur hvattir til að sýna metnað í að skrifa fallega stafi og vanda frágang.

Námsmat

Matsbók lögð fyrir þar sem mat er lagt á stafsetningu og skrift. Heimaskrift, skólaskrift og ritun metin jafnóðum. Vinnubrögð í námsbókum metin í lok annar.

Bókmenntir

Markmið

Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum og ljóðum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum
- læri utanbókar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- geti leikið einfalda leikþætti eða atriði úr frásögnum
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni
- geti lesið sögur, ævintýri, þjóðsögur, dæmisögur, gamansögur og stuttar bækur
- kannist við verk nokkurra íslenskra rithöfunda
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- fái fjölbreytt tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og ljóðstafir og taktur
- þekki og geti notað hugtök eins og persóna, söguhetja, söguþráður, rím og sögulok.

Námsgögn og leiðir, Óskasteinn, ljóðabækur og frjálssar lestrarbækur af bókasafni lesnar. Valdir bókmenntatextar lesnir, um þá rætt og unnin ýmis verkefni, t.d. í þemavinnu. Ljóð lesin og lærd. Nemendur hvattir til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga. Lögð áhersla á yndislestur.

Námsmat

Ástundun nemenda, áhugi og vinnubrögð metin jafnóðum.



Málfræði

Markmið

Að nemandi

- þekki hugtökin samheiti og andheiti
- þekki mun samnafna og sérnafna og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- þjálfist í að búa til samsett orð
- geri sér grein fyrir muninum á orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- þekki mun sérhljóða og samhljóða
- geri sér grein fyrir stigbreytingu lýsingarorða
- geri sér grein fyrir nútíð og þátíð sagna
- læri að greina kyn nafnorða og eintölu og fleirtölu
- átti sig á fallbeygingu nafnorða, bæði eintölu og fleirtölu
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- kannist við hvaða orðmynd er uppflertimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái tækifæri til að beita móðurmálinu á fjölbreyttan hátt í leikjum, t.d. í rími, orðaleikjum og krossgátum og nýti sér algeng málfræðihugtök í því skyni.

Námsgögn og leiðir

Málrækt 1, Skinna I, Lærum gott mál og ýmis verkefni tengd orð af orði unnin ásamt verkefnum tengdum þemavinnu hverju sinni.

Námsmat

Matshefti lagt fyrir. Vinnubrögð og frágangur metinn við annaskil.

Stærðfræði

Markmið

Að nemandi

- safni gögnum í tengslum við rannsóknir og kannanir í náttúru- og samfélagsfræði og skrái í töflu og súlurit, t.d. með aðstoð töflureiknis
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum, t.d. leikföngum, hlutum úr umhverfinu eða rökkubbum
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni og sýni hvernig þau geta verið sprottin úr ólíku samhengi
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hjálpargagna, skýringarmynda og tákna
- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfist í að spyrja spurninga til að öðlast betri skilning á þeim
- kynnist aðferðum til að takast á við flókin verkefni, s.s. að setja á svið, reyna við einfaldara verkefni, giska á lausn og leita að mynstri
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni



- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- finni út hverju er lýst
- gefi leiktæki eða tölvu stutta runu af fyrirmælum, t.d. í tölvuforritinu LOGO
- reikni út hve mikið efni þarf til að vinna ákveðið handíðaverkefni
- vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum, t.d. áætlanatöflum almenningsfarartækja til að finna út hvenær farartækið er á ákveðnum stöðum og hve langan tíma tekur að fara milli staða
- vinni með staðaleiningarnar m og cm, l og dl og g og kg
- skrái háar tölur og brot í tengslum við mælingar og útreikninga
- skoði hvernig mynstur er hægt að mynda með mismunandi fjölda. Hvað er hægt að raða fjórum kubbum á marga mismunandi vegu? En fimm kubbum?
- fáist við skiptingu þar sem afgangur verður. Hvaða tala gefur 1 í afgang þegar henni er skipt í 2, 3 og 5 hluta?
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn
- skoði mynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur sem myndast í mismunandi töflum
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanni innbyrðis tengsl þeirra. Hvað gerist á talnalínu þegar lagt er saman, dregið frá, margfaldað eða deilt? Er sama í hvaða röð tölurnar, sem unnið er með, eru valdar?
- noti talnalínu og/eða vasareikni til að skoða andhverfar aðgerðir, t.d. margföldun og deilingu
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn, m.a. til að meta hvort niðurstaða er rétt
- reikni dæmi með háum tölum, t.d. niðurstöður rannsókna og kannana, og velji sér heppilegt hjálpartæki til útreikninga
- noti þekkingu á tugakerfinu við hugarreikning
- námundi tölur að næsta heila tug eða hundraði
- noti þekkingu á tugakerfinu við lausn dæma
- skipti ákveðinni lengd í tvo eða fleiri hluta og ræði um hluta af heild og jafnan hlut
- vinni með erlendan gjaldeyri, t.d. skoði peningaseðla og mynt frá öðrum löndum og beri verðgildi þeirra saman við íslenska peninga
- stækki eða smækki flatarmyndir, t.d. á pinnabretti eða myndvarpa, og ræði um hvað varðveitist við stækkunina/smækkunina og hvað ekki
- skoði mynstur í myndum og vinni með þau, t.d. stækki upp hluta mynsturs eða bæti við mynstur
- finni 1%, 50% og 100% af stærð eða fjölda sem hann þekkir vel
- tjái sig um regluleika í mynstri með margvíslegum hætti, s.s. með orðum, teikningum eða tölum
- leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur, t.d. með því að gera töflur yfir n , $n+1$, $n+n$ o.s.frv. fyrir mismunandi gildi á n
- sannreyni að þegar sömu stærð er bætt við báðar hliðar jafnaðarmerkis gildir jafnaðarmerkið áfram
- teikni flatarmyndir, s.s. þríhyrninga og rétthyrninga, og noti hugtökin punktur, hlið, horn o.s.frv. rétt
- þekki rétt horn, hvöss og gleið og þekki þau í sínu umhverfi
- mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki, t.d. rúðunet eða einingarkubba
- mæli rúmmál umbúða með því að nota einingarkubba
- geri lista yfir mælitæki sem hann hefur séð fólk nota



- beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna
- fylgi leið á korti eftir leiðbeiningum og leiti að stöðum á landakorti út frá upplýsingum um staðsetningu
- hliðri flatarmyndum, t.d. á pinnabretti eða rúðuneti
- geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í einföld myndrit, taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem myndritin gefa og fáist við útreikninga út frá þeim
- safni tölfraeðilegum gögnum úr tímaritum þar sem nemendur velja viðfangsefni, skipuleggja söfnun gagna og velja framsetningarmáta og ræði um hvaða upplýsingar gögnin gefa
- spili spil þar sem byggja þarf á líkum.

Námsgögn og leiðir

Eining 7 og 8. Línan, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, ýmis verkefni í Viltu reyna Merkúrís og í undirdjúpunum. Verkefni fyrir vasareikni 1. og 2. hefti auk ýmissa aukaverkefna. Í grunnbókunum, Einingu 7 og 8, fylgjast flestir nemendur að. Auka- og ítarefni eftir áhuga og getu nemenda.

Námsmat

Formlegt námsmat við annaskil.

Samfélagsfræði

Saga

Markmið

- Að nemandi
- þekki nokkra drætti í breyttri stöðu kynjanna, barna, unglunga og aldraðra og geti rætt hvernig þessar breytingar koma fram í fjölskyldum
 - beri saman fjölskyldulíf hér á landi nú við það sem gerist annars staðar og á öðru tímaskeiði sögunnar
 - öðlist skilning á því að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi manna og hvaða samannlegum þörfum hún sinnir
 - þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla
 - þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. byggingaframkvæmda og fleiri manngerðra breytinga á umhverfinu
 - þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrir á öldum
 - þekki nokkrar valdar persónur og atburði í Íslendingasögunum
 - þekki nokkrar valdar persónur og atburði í sögu þjóðarinnar, t.d. í heimabyggð
 - geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld
 - öðlist skilning á því hvað hafið og lega landsins hefur haft að segja um lífsafkomu þjóðarinnar fyrir og nú
 - kanni og geti gert grein fyrir nokkrum uppfinningum og tækninýjungum og áhrifum þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum, t.d. gufuvél, bíl, flugvél, prenttækni, rit- og talsíma, gervitunglum og tölvutækni
 - beri saman ólík menningarsvæði í heiminum, t.d. í köldu og heitu loftslagi



- geti sagt frá og rætt hugmyndir manna um upphaf og þróun mannsins, t.d. í Biblíunni, norrænni og grískri goðafræði og samkvæmt þróunarkenningu Darwins
- kynnist dæmum um fornleifar og fornminjar og meti hvaða upplýsingar þær geta veitt um sögu mannsins, t.d. um steinaldarmenn og menningu fornaldar
- ræði nokkur viðfangsefni fornspekinga og þekki nokkra þeirra, t.d. Sókrates, Platon og Aristóteles
- geti rakið meginatriði í nokkrum fornklassískum og norrænum goðsögum, t.d. um Ódyseif, Trójuhestinn, hamar Þórs, Útgarða-Loka og Miðgarðsorm
- greini hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geti greint hvenær atburðir gerast á undan eða eftir öðrum eða samtímis
- geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f.Kr. og e.Kr.
- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnis í sögu, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni
- þekki mismunandi leiðir til að afla sér upplýsinga, t.d. í bókum, dagblöðum og tímaritum, tölfraeðigögnum, á kortum, á Netinu, hjá fræðimönnum eða öðrum einstaklingum
- fái innsýn í söguna í gegnum bókmenntir, svo sem goðsögur, þjóðsögur, Íslendingasögur, skáldsögur, æviminningar og dagbækur
- fái innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleiki og með heimsókn á minjasafn
- fái að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögunum, nema það og búa til samfélag
- þjálfist í að flytja mál sitt í heyranda hljóði, svara fyrirspurnum, rökræða niðurstöður sínar og taka gagnrýni
- komi sögukunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu við bekkjarfélaga, foreldra eða aðra.

Námsgögn og leiðir

Komdu og skoðaðu bækurnar (eftir því sem við á) Námsefni lesið, um það fjallað og skrifleg verkefni unnin. Lögð verður áhersla á umræður og stærri verkefni, sem einnig tengjast öðrum greinum. Vettvangsferðir. Þemavinna.

Námsmat

Símat yfir veturinn á vinnusemi, samvinnu og vinnubók nemenda.

Landafræði

Markmið

Að nemandi

læri að nota kort af nánasta umhverfi sínu til að komast leiðar sinnar, t.d. í ratleik

- læri að nota efnisyfirlit og atriðisorðaskrá í kortabókum til að finna tiltekna upplýsingar
- afli einfaldra upplýsinga eins og hvert nemandur í bekknum fóru í sumar og setji fram á myndrænan hátt, t.d. með einföldu súluriti
- þjálfist í að lesa úr einföldum töflum eins og leiðatöflu strætisvagna
- læri að þekkja og finna á hnattlíkani og/eða korti heimsálfurnar og úthöfin
- átti sig á megininkennum landslags af korti, t.d. með hvaða litum láglandi og hálendi er oftast táknað á landakorti
- átti sig á að flest heimili eru hluti af ákveðinni byggð sem getur haft ólík einkenni, s.s. þéttbýli, dreifbýli, sjávarbyggð, uppsveitir



- þekki þróun búsetu í eigin heimabyggð
- átti sig á áhrifum búsetu á umhverfi
- þekki á Íslandskorti hvar hann á heima
- kannist við í sjón og þekki hugtök yfir smærri landform eins og skurður, skagi, sund og fell
- kynnist því hvernig fólk ferðast og af hverju
- kynnist dæmum um það hvers vegna fólk flytur milli staða
- kanni og útskýri af hverju er þéttbýlt á sumum stöðum en ekki öðrum
- læri að lýsa megineinkennum veðurfars á köldum pólsvæðum, heitum og þurrum eyðimörkum og heitum og rökum regnskógum
- fái þjálfun í að greina landnotkun fyrir utan heimabyggðina og segja fyrir um hver áhrif hennar eru á líf fólksins þar, t.d. hver munurinn er á landnýtingu í sveit og borg eða í sjávarþorpi og þorpi inn til lands
- kannist við helstu jarðhræringar sem verða á Íslandi, s.s. eldgos og jarðskjálfta
- átti sig á að jörðinni er skipt upp í tímabelti og lengdar- og breiddarbauga
- átti sig á hreyfingu jarðar umhverfis sólu og að það veldur árstíðaskiptum
- skilji að útlit tunglsins fer eftir afstöðu jarðar, tungls og sólar.

Námsgögn og leiðir

Ísland,landið okkar, Land og líf (l.b og v.b). kortabækur . Verkefni unnin í þemavinnu.

Námsmat

Námsmat við annaskil byggist á vinnusemi, samvinnu og vinnubók nemenda. Símat.

Náttúrufræði

Markmið

Að nemandi

Úr eðlisvísindum

- geri tilraunir með hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp í vatni, s.s. salt, sykur og kaffi
- geri tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni, t.d. með því að setja sykur, salt eða tepoka í kalt vatn og heitt
- geri tilraunir með hvað gerist með hluti af mismunandi lögun þegar þeir eru settir á vatn, s.s. kubba, báta, laufblöð
- finni út hvaða lögun af leir flýtur best
- þekki ölduhreyfingu og endurvarp út frá athugunum úti í náttúrunni, í sundlaug og í fjöruferð og út frá eigin tilraunum, t.d. í bakka í kennslustofunni
- geri sér grein fyrir að hljóð myndast ekki nema hreyfing á hlutum eigi sér stað, t.d. með tilraun með að hleypa lofti úr blöðrum
- vinni með ýmsa hljóðgjafa, s.s. mannsröddina, ýmis ólík hljóðfæri og tónkvísl
- fjalli um hvers vegna það er mikilvægt að spara orku og endurvinna hluti
- geri sér grein fyrir hvernig við spörum orku með einangrun, s.s. lofti, sæng, úlpu, steinull, frauðplasti

Úr jarðvísindum

- þekki muninn á sól og reikistjörnum



- geri athuganir á útliti tunglsins í einn tunglmánuð
- ræði um líffsskilyrði á öðrum plánetum og tunglinu, t.d. með því að bera saman myndir af þeim hliðum tunglsins sem snúa að og frá jörðu.
- ræði um geimferðir út frá sögu tunglferða mannsins, mögulegri þróun og tækninotkun
- beri saman landsvæði af mismunandi gerð og stærð með tilliti til jarðvegs, gróðurs og möguleika til ræktunar
- athugi efni sem ekki sundrast í náttúrunni og fjalli um afleiðingar þess og gildi endurvinnslu og endurnýtingar
- skilji mikilvægi og taki þátt í landgræðslu
- þekki tilvist og tilgang veðurtungla á sporbaug um jörðu.
- geti metið og borið saman sínar eigin niðurstöður hita-, vind- og úrkomumælinga og mælingar frá öðrum, t.d. í gegnum tölvusamskipti við aðra skóla
- þekki að grunnvatn rennur um sprungur í berglögum
- þekki hvað er jarðhitasvæði, helstu einkenni þeirra, nýtingu hitans, t.d. hitaveitu, sundlaugar, jarðvarmaveitu Vestmannaeyja, Svartsengi
- ræði um núverandi og mögulega nýtingu fallvatna

Úr lífvísindum

- geri sér grein fyrir því hvaða breytingar í náttúrunni má tengja árstíðaskiptum og hvernig, t.d. snjókomu, vorkomu, vöxt plantna, lauffall
- ræði hvað verður um laufblöð og dauðar lífverur í náttúrunni
- athugi hvaða áhrif snjór hefur á gróður
- geri sér grein fyrir að ýmis utanaðkomandi efni eru skaðleg líkamanum og geta borist á ólíka vegu inn í líkamann t.d. gegnum húð, með innöndun eða með fæðu
- ræði um ýmiss konar sjúkdóma og mögulegar smitleiðir, varnir og lækningar
- ræði hvernig ólíkar dýrategundir annast afkvæmi sín.

Námsgögn og leiðir

Náttúran allan ársins hring, Í sveitinni með Æsu og Gauta. Ýmsar fræðibækur og tilraunir. Nemendur afla sér upplýsinga í fræðibókum. Umfjöllun og umræður um texta. Nemendur vinna verkefni einir og í hópum. Þó nokkur áhersla verður lögð á útikennslu í tengslum við náttúrufræði, þar sem nemendur tengja umhverfi sitt náminu með eigin upplifun.

Námsmat

Námsmat við annaskil byggist á vinnusemi, samvinnu og verkefnum nemenda. Símat.

Kristinfræði

Markmið

- Að nemandi
- kynnist frásögunum af Móse, dvöl Ísraelsmanna í Egyptalandi og brottförinni þaðan og öðlist skilning á merkingu páskahátíðar Ísraelsþjóðarinnar
 - þekki aðdragandann að fæðingu Jesú, svo sem frásögurnar af fæðingu Jóhannesar skírara, boðun Maríu og jólaguðspjall Lúkasar
 - þekki sögu aðventukransins og jólatrésins, táknræna merkingu og siði tengda þeim
 - kynnist enn frekar frásögum úr Nýja testamentinu, m.a. frásögunum af skírni Jesú, brúðkaupinu í Kana, ekkjunni í Nain, lækningum Jesú á hvíldardegi, faríseanum og



tollheimtumanninum, miskunnsama Samverjanum, ríka unglíngnum og vakningu Lasarusar frá dauðum

- auki þekkingu sína á dauða og upprisu Jesú, t.d. með kynnum af frásögum af yfirheyrslunum yfir Jesú og dauðadómnum, sögunni af ferð kvennanna að gröfinni á páskadagsmorgni og þekki frásöguna af því þegar Jesús birtist lærisveinum sínum við Tíberíasarvatnið eftir upprisuna
- þekki frásöguna af atburðum hvítasunnudags og geri sér grein fyrir merkingu hans fyrir kristna kirkju
- kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu
- heimsæki kirkju og þekki nokkur trúarleg tákni og merkingu þeirra, kunni skil á guðsþjónustunni og helstu kirkjulegum athöfnum svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför
- kynnist enn frekar íslenskri sálmahefð og trúarlegri tónlist og myndlist
- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra
- kynnist gyðingdómi, m.a. með frásögum úr lífi jafnaldra.

Námsgögn og leiðir

Birtan og Trúarbrögðin okkar ásamt vinnublöðum. Umræður og verkefni tengd námsefninu og atburðum líðandi stundar unnin í þemavinnu.

Námsmat

Námsmat byggist á þátttöku, samvinnu og vinnubók nemenda.

Lífsleikni

Markmið

Að nemandi

- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- virði leikreglur í hópleikjum
- geti bent á og nefnt ýmsa þætti í umhverfinu sem hafa áhrif á líðan hans
- geti velt fyrir sér jafnréttishugtakinu út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. jafnrétti á milli manna og dýra, á milli forstjóra og starfsmanna, barna og fullorðinna
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum eða látbragði
- geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða
- geti túlkað hlutverk fjölskyldumeðlima í ólíkum fjölskyldugerðum
- geti lýst þörfum einstaklinga við ýmsar aðstæður og hvernig hægt er að koma til móts við þær, t.d. klæðnaður miðað við aðstæður, næring út frá orkubörf
- sé fær um að setja sér markmið að eigin frumkvæði, t.d. hvenær hann ætlar að ljúka við heimanám eða taka til
- geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim, t.d. hippa, öldungi, barni, nýbúa, ljósmóður, kennara, fatlaðs manns og bónda
- kunni umferðarreglur og umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur
- þekki vel öruggustu leið sína í skólann og beri sig rétt að við gangbrautir og götuljós
- þjálfist í notkun reiðhjóls sem leiktækis á leiksvæðum og stígum
- læri að lesa leiðbeiningar og skilaboð af skiltum



- læri að afla upplýsinga um símanúmer
- þjálfist í að nota almenningsvagna undir leiðsögn fullorðinna
- geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu
- geti greint frá verslunum og þjónustuaðilum í nánasta umhverfi.

Námsgögn og leiðir

Unnið með *Uppbyggingarstefnuna, Fimm ævintýri* og bekkjarfundir. Lögð verður sérstök áhersla á umræður. Málafni tekin fyrir sem skipta máli í hópnum. Nemendum gefst kostur á að ræða atburði líðandi stundar og unnin verkefni út frá þeim umræðum sem kunna að skapast. Einstaklingsvinna og hópavinna.

Námsmat

Ekkert formlegt námsmat.

Tölvukennsla

Markmið

- Að nemandi
- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu
 - geti notað Netið til að afla sér heimilda
 - tengi tölvunotkun við aðrar námsgreinar

Námsgögn og leiðir

Kennsluforritið *Ritfinnur* notað til að æfa fingrasetningu. Ýmiss kennsluforrit. Nemendum er kennt að umgangast tölvuna á viðeigandi hátt. Nemendur kynnast möguleikum sem ritvinnsluforritið Word hefur upp á að bjóða. Upplýsinga- og heimildaleit á veraldarvefnum.

Nemendum er skipt í tvo hópa.

Námsmat

Vinnusemi metin.

Enska

Hlustun

- skilji einföld fyrirmæli kennara
- skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg
- skilji einfaldar spurningar um viðfangsefni
- geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum
- skilji helstu kveðjur og kurteisisorð í samskiptum

Lestur

- - geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings
- - geti lesið einfaldar setningar

Ritun

- - geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir
- - geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar

Talað mál - frásögn



- - geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt
- - geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig

Talað mál - samskipti

- geti tekið undir í söng og farið með þulur
- geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum
- - geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað

Námsgögn - Speak out og Work out.

Kennsluaðferðir – Bein kennsla – hlustunarefni – námsleikir – samræðuaðferðir – samvinnunám – söngvar.

Námsmat

Gátlistar – greiningarpróf – sjálfsmat.

Upplýsingamennt

Markmið

- Að nemandi
- viti að fræðsluefni/fræðibækur á skólasafninu er flokkað eftir ákveðnu kerfi (Dewey)
- geti unnið að einföldum verkefnum þar sem heimilda er aflað í fræðibókum
- geti fundið lykilorð í texta og endursagt aðalatriði
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá, í fræðibókum
- kunni að nota orðabækur
- geti leitað heimilda í bókum og á Neti og unnið úr þeim á skipulegan hátt
- viti hvað hugtakið höfundarréttur merkir
- þekki heiti hluta bókarinnar, s.s. bókarkápu, kjalar, titilblaðs, efnisyfirlits og atriðisorðaskrár
- noti skólasafnið reglulega og kunni á útlánakerfi þess
- þekki mismunandi tegundir bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur
- þekki nokkra íslenska barnabókahöfunda og verk þeirra

Námsgögn og leiðir

Verklegar æfingar verða á safninu, s.s. við röðun skáld- og fræðiritra. Eins verða skoðaðar mismunandi tegundir bóka (bókmennta) og lesið úr þeim. Valdir íslenskir barnabókahöfundar verða kynntir, einkum þeir sem skrifa fyrir viðkomandi aldur. Áhersla er einnig lögð á umgengni og reglur sem gilda á öllum söfnum.

Hver bekkur fær eina kennslustund í viku - u.þ.b. eina önn - og mætir helmingur bekkjar í hvert skipti (nema um annað sé samið).

Námsmat

Ekkert sjálfstætt námsmat er í greininni.



Hönnun og smíði

Markmið

Sjá aðalnámskrá grunnskóla 2007, Hönnun og smíði. Prepamarkmið 4. þrep.

Námsgögn og leiðir

Þarfagreining, umræður. Bein kennsla. Verkfæra og aðferðakynningar, umræður um verkefni. Þörf, lausn, afurð. Heimagerð verkefni.

Námsmat

Símat kennara. Hönnun 25%. Tækni 25%. Verklag 25%. Ástundun 25%.

Heimilisfræði

Markmið

- vinni bókleg verkefni með fæðuhringinn, sérstaklega með kornflokk
- læri að reglubundnar máltíðir eru mikilvægar og auki þekkingu sína á góðum matarvenjum
- þjálfist í að nota mælitæki og taka til hráefni í uppskrift
- kunni að velja hentug áhöld
- fái þjálfun í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn kennara, t.d. eldavél, örbylgjuofn, vöflujárn, samlokugrill og handþeytara, og viti hvað ber að varast við þessi tæki
- fái þjálfun í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum
- þjálfist í að flysja með grænmetishníf með rauf og beita stuttblaða hníf og fara varlega með oddhvassa og beitta hluti
- temji sér að vinna í sátt og samlyndi með mismunandi hópstærðum og bera ábyrgð á frágangi eftir sig
- viti hvað er sérstaklega hollt og gott við lýsi
- læri hvers vegna hreinlæti er nauðsynlegt
- þjálfist í að halda röð og reglu á sínum vinnustað
- geri sér grein fyrir því hvað er mengun og hvað mengar umhverfið
- viti hvers vegna heimilisúrgangur (sorp) er flokkaður og hvað má endurnýta
- hugleiði helstu leiðir til sparnaðar (heimatilbúið nesti, umbúðir, orka, vatn, pappír)
- geti gert samanburð á verði og orkugildi í mismunandi drykkjarvörum (gosdrykkjum, ávaxtasafa, mjólkurdrykkjum)
- geri sér grein fyrir því hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn)
- geti lagt snyrtilega á borð og temji sér að sýna kurteisi við borðhald og þjálfist í að nota hnífapör rétt
- læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp
- geti sýnt umburðarlyndi og tekið tillit til annarra

Námsgögn og leiðir

Verkleg kennsla verður 2 kennslustundir í senn einu sinni í viku, bekkjum er skipt í tvo hópa og er annar hópur á fyrri önn en hinn á seinni.. Bókleg kennsla fer fram samhliða verklegu kennslunni.



Unnið eftir verkefnum úr *Hollt og gott fyrir 4. bekk* ásamt ýmsum öðrum verkefnum frá kennara. Nemendur fá þjálfun í að vinna sjálfstætt, lesa og fara eftir uppskriftum. Vinna með helstu eldhúsáhöld t.d. vigt, dl-mál og mæliskeiðar. Læra að þekkja skammstafanir í uppskriftum. Nemendur fá þjálfun í helstu bakstursaðferðum, hrærðu og hnoðuðu deigi og gerdeigi. Matreiða einfalda rétti með áherslu á kornflokk.

Námsmat

Vinnusemi og virkni metin eftir hvern tíma og umsögn gefin í lok annar.

Tónmennt

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að koma fram og flytja eigin verk og annarra, bæði söngverk og hljóðfæratónlist
- hafi vald á mismunandi spilamáta algengustu skólahljóðfæra og annarra hljóðgjafa
- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- spinni og semji einfalt tónverk sem sýnir greinilegt form og vaxandi skilning á efnispáttum tónlistarinnar
- geymi tónsmíðar sínar á hljóðritum og/eða með grafískum nótnatáknum
- hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra
- geti greint á milli algengustu hljóðfærategunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni
- sýni viðbrögð við og greini á milli notkunar efnispátta í fjölbreyttri tónlist með mismunandi tjáningarformum, s.s. hreyfingu, teikningu og töluðu máli.

Námsgögn og leiðir

Undirstöðuatriði tónlistar þjálfuð með söng, leik og virkri hlustun. Nemendur læra íslensk og erlend lög, leika á einföld skólahljóðfæri og hreyfa sig með tónlist. Notast er við námsefnið það var lagið!, það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist og Sígild tónskáld. Sungið er upp úr söngheftinu Syngjandi skóli og Nýjir skólasöngvar. Notast er við ýmiskonar hlustunarefni sem kennari velur hverju sinni.

Námsmat

Áhugi, þátttaka og hegðun metin.

Handmennt

Markmið

Að nemandi

- læri að fitja upp í prjóni
- prjóni garðaprjón
- læri að fella af í prjóni
- læri að sauma saman prjónles og ganga frá endum í prjónlesi



- læri að hekla snúru, snúa band eða hnýta
- þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
- noti útsaum til skreytinga
- fái innsýn í tóvinnu
- geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- geri sér grein fyrir mikilvægi og nýtingu ullarinnar fyrir á öldum, t.d. með hliðsjón af veðráttu Íslands
- geti tekið þátt í fagurfræðilegri umræðu út frá nánasta umhverfi
- geti metið eigin textílverk og rökstutt matið.

Leiðir

Nemendur vinna með ólíkan efnivið og mismunandi tegundir lita. Nemendur sauma með ýmsum sporum í java, sauma beinan saum í saumavél og þrjúna garðapþjón. Nemendur fá einnig að gera stóra mynd úr þæfðri ull.

Námsmat

Þættirnir rétt handtök, áhugi, vinnusemi og vandvirkni metnir jafnóðum. Hvert verkefni metið þegar því er lokið.

Myndmennt

Markmið

Að nemandi

- þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum
- beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd
- þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar
- þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými og beiti þeim í myndgerð, s.s. þrykki og mótun
- vinni með rýmistilfinningu í myndgerð; áhersla skal lögð á litafræði, einkum andstæða liti, ljós og skugga, heita og kalda liti
- þekki grunnformin og geti breytt tvívíðu formi í þrívítt form
- geri formkannanir á fyrirbærum í umhverfinu og einfaldi form í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- geti gengið frá verkefnum, eignum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- þekki mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu, byggingarlist og listiðnaði með áherslu á það að list sprettur úr menningarlegu samhengi hvers tíma
- þekki og ræði mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu með áherslu á miðla og hugtök sem unnið er með
- þekki einn til tvo íslenska listamenn, ævi, sögu og verk hans eða þeirra
- geti lýst munnlega og skriflega áhrifum í myndverki með tilvísun í verkið. Dæmi: Hvernig virkar myndin á mig? Höfðar verkið til mín? Ef ekki, af hverju ekki? Hvað ef allir litir, sem eru bláir í verkinu, væru rauðir? O.s.frv.
- geti lýst munnlega og skriflega merkingu verks að hans mati, t.d. ást, fegurð, hræðslu, hatri, æsingi, kulda, einmanaleika, gleði o.s.frv.
- þekki tjáningarleiðir myndlistar
- skilji myndræna hugsun



- sé læs á sjónrænt umhverfi sitt.

Leiðir

Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki. Nemendur lesa *Myndmennt 1*, kennslubók í myndmennt fyrir grunnskóla. Dæmi um viðfangsefni eru; litافرæði; litahringurinn, blöndun lita. Teikning; ýmsar aðferðir. Grafík; aðferðir kynntar. Grunnformin; tvívíð og þrívíð form. Inn í námið verður fléttað fróðleik um listamenn og stefnur og e.t.v. farið á listasafn.

Námsmat

Frumleiki, vinnubrögð, samstarfshæfni og ástundun metin. Formlegt námsmat að vori.

Íþróttir

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í grófhreyfingum eins og höfuðstöðu upp við vegg og höfuðstöðu á dýnu með aðstoð félaga
- klífri aftur á bak upp við vegg í handstöðu
 - þjálfist í samsettum hreyfingum eins og að velta sér kollhnís áfram, teygjuhoppi, réttstöðu, jafnvægisstöðu á öðrum fæti og bolhalli áfram með arma teygða út og annan fót aftur, til baka í réttstöðu, kollhnís áfram í réttstöðu, að sippa á einfaldan hátt og með ýmsum afbrigðum
 - þjálfist í að tengja ýmsar gróf- og fínhreyfingar saman, s.s. að iðka tveggja liða boltaleik þar sem fleiri eru í liðinu sem er með boltann, að rekja bolta og vera eltur af félagi sem einnig hefur bolta og að nota ýmis áhöld á fjölbreyttan og skapandi hátt
 - taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleiki, staðarleitarleiki sem hópleiki og feluleiki og ratleiki utanhúss
 - þjálfist í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu íþróttagreina, s.s. körfu-, handknattleiks- og knattspyrnuæfingum, badminton- og tennisæfingum
 - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum þar sem fleiri en einn elta, ratleikjum á hjóli um næsta nágrenni og boltaleikjum sem tengja má íþróttagreinum
 - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, liðaleikjum eins og boðhlaupi, nótt og dagur og boltaleikjum eins og höfðingjaleik
 - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. að toga yfir línu og reiptogi milli tveggja liða
 - þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 8-10 mínútur
 - þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum og uppstökki án atrennu
 - þjálfist í æfingum sem efla hraða, s.s. stigandi hlaupi og 30 m spretthlaupi
 - taki þátt í ratleikjum og gönguferðum sem tengjast öðrum námsgreinum
 - Skautakennsla, 4 tímar á haustönn
 - nái tókum á danssporunum eins og valhoppi, skiptispori og polkaspori
 - taki þátt í dansi og spuna með og án tónlistar
 - taki þátt í leikjum og æfingum eldri kynslóða sem skapa tengsl við sögu og menningu og umræður um gildi leikja og íþróttæfinga
 - kynnist viðbrögðum sínum við mismunandi áreynslu
 - tileinki sér jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós
 - tileinki sér markvissa öndun við slökun og geti sagt frá upplifun sinni við íhugun



- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu tilfinninga og sköpun
- taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama
- öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
- fái tækifæri til að búa til leiki eða breyta reglum þekktra leikja
- læri heiti helstu líkamsæfinga og heiti yfir helstu hreyfingar eins og rétta og beygja, réttstaða, höfuðstaða, handstaða, hliðbeygja, bolvinda, bolbeygja, armbeygja og armrétta
- tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- þjálfist í tölvunotkun í tengslum við líkams- og heilsurækt
- læri að túlka einfaldar upplýsingar um eigin líkamshreysti eins og þoltölu úr fjölþrepprófi (MSFT¹)kraftniðurstöðu úr uppstökksprófi án atrennu, liðleika eftir að hafa teyggt fram á kassa og hraða þar sem hlaupinn er 30 m sprettur.

Markmið

Nemendur fái útrás fyrir hreyfiþörf sína, leggi grunn að bættu líkamsþoli, auknum krafti, betri líkamsreisu og liðleika, auki færni sína í samskiptum og samvinnu við aðra, öðlist aukið sjálfstraust við flóknari æfingar, upplifi jákvætt viðhorf til hreyfingar og hreysti og kunni að umgangast ýmis áhöld á öruggan hátt.

Námsgögn og leiðir

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttbuxur og stuttermabolur (ekki skór). Í gegnum mismunandi leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur fá að kynnast hinum ýmsu áhöldum, þá aðallega í formi stöðvahringja, þar sem þeir efla um leið hreyfiþroska sinn og áræðni.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á 1. og 2. önn eru gerðar athugasemdir en í lok 3. annar er formlegt námsmat.

Sund

Markmið

Að nemandi

- taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og flugsundi
- taki þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast hlustunar, takts (rytma), samhæfingar og samvinnu



- nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 25 m bringusundi, 12 m skólabaksundi, 12 m skriðsundi, með eða án hjálpartækja og 12 m baksundi, með eða án hjálpartækja
- læri að stinga sér úr kropstöðu af bakka eða stiga
- þjálfist í útfærslu samsettra hreyfinga með fjölbreytilegum áhöldum
- taki þátt í umræðu um björgunarþætti
- læri að bregðast rétt við ef óhapp ber að höndum
- læri að kasta bjarghring eða bjargsnúru til félaga og draga hann að landi
- taki þátt í ýmsum hópleikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, boðsundsleikjum, boltaleikjum og kafsundsleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. kraftleikjum og boltaleikjum
- taki þátt í fjölbreyttri sundleikfimi
- þjálfist í þrekæfingum í leik, s.s. þar sem þrír og þrír eru saman og tveir toga einn, björgunarsundi þar sem synt er ákveðin vegalengd og að sitja á flám og róa
- þjálfist í skapandi æfingum í vatni
- taki þátt í leikjum og æfingum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum og yfirfæra þá að sundstað
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, s.s. iðkun æfinga í stöðvabjálfun
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. ýmsum hópleikjum, sundknattleik og boðsundsleikjum
- fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum
- skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunnar
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum yfir á sundstað
- þekki helstu öryggisatriði sundstaðar
- þjálfist í að fylgja settum öryggisreglum
- læri að bregðast við neyðarkalli úr vatni
- þjálfist í að klæða sig í og úr björgunarvesti og þekki notagildi þess
- þjálfist í að synda með bjarghring til félaga í grunnri laug
- þjálfist í að aðstoða félaga við að komast að landi með krókstjaka
- taki eitt sundstig árlega. Nemendur efli þrek, félagslegan- og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengisreglur á sundstað.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi.

Námsmat

Sundstigsspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

4. sundstig (samræmd markmið í 4.bekk)

- 25 metrar bringusund.
- 15 metrar skólabaksund.
- 12 metrar skriðsund með eða án hjálpartækja.
- 12 metrar baksund með eða án hjálpartækja.
- Flugsundsفótatök með eða án hjálpartækja.
- Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga.